

Nr. 19-054 S 039 Beta GK 36**Vélarvana**

Skipaskr.nr.: 2764
Smíðaður: Hafnarfirði 2008, plast
Stærð: brl. 15 bt.
Mesta lengd: 12,45 m *Skráð lengd*: 11,35 m
Breidd: 3,75 m *Dýpt*: 1,45 m
Vél: Yanmar 368 kW 2008
Fjöldi skipverja: 4



Beta ©Þorgeir Baldursson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 23. apríl 2019 var Beta GK 36 staðsett 1,5 sjómílu fyrir utan Sandgerðishöfn. Veður: ASA 16-17 m/s.

Skipstjóri tilkynnti Vaktstöðu siglinga að báturinn væri með vatn í fæðiolúnni og óskaði eftir aðstoð við að sigla inn rennuna til Sandgerðis. Dóri GK 42 fór út til aðstoðar og fylgdi Betu til hafnar. Eftir að skipverjar töppuðu vatni úr síum, skiptu um þær og lofttæmdu komst vélin í gang og var þá bátnum siglt að bryggju í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að við olíutöku hafði gleymst að loka olíuáfyllingaröri sem er samtengt þremur olíutönkum bátsins;
- að sjór komst í alla þrjá olíutankana en það kom í ljós í fyrstu ferð eftir olíutöku þegar viðvörðun kom á að vatn væri í olíu;
- að skipstjóri sagði að stöðugt hefði verið skipt á milli systrasíanna (Racor) sem væri venjan þegar svona gerðist en ekki skipt út olíunni á tönkunum;
- að skipstjórinn skipti yfir á síðust síuna og náði að tappa lofti af vélinni og koma henni í gang og komst þannig fyrir eigin vélarafli til hafnar.

Nefndarálit:

Nefndin vekur athygli á því að ávallt sé gengið frá áfyllingarörum þegar lokið er við að setja olíu eða vatn á skip og báta.